

Stjórnarfundur 27.02.2018

Café Meskí kl 18:30, Birna boðaði forföll en aðrir eru mættir.

1. Aðalfundur:

20. Mars 2018 á skrifstofu félagsins kl 20:00. Hilmar tekur að sér að hringja á skrifstofuna í fyrramálið og athuga hvort hún sé laus.

Stjórn þarf að boða til fundar með tengiliðum, 14. Mars kl 19:00, Hilmar ætlar að senda póst á tengiliði.

Stjórn mætir kl 19:00 fyrir aðalfundinn.

Auglýsa þarf fundinn með minnst 7 daga fyrirvara. Guðríður setur inn auglýsingu á Smalar.net og á facebook síðuna.

Kosið verðum um 3 sæti til tveggja ára, sæti Svönu, Birnu og Guðríðar eru laus. Svana ætlar ekki að gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa, Guðríður gefur kost á sér áfram en Birna er óákveðin.

2. Fulltrúaráðsfundur 20 febrúar: Hilmar mætti á fundinn fyrir hönd Fjár- og Hjarðhundadeildar.

a. Húsnæðismál voru rædd. Umræða um að finna hentugara húsnæði fyrir félagið, minna skrifstofurými og jafnvel aðstöðu til að halda námskeið og deildarsýningar. Áhugi er fyrir því hjá utanaðkomandi aðilum að kaupa núverandi húsnæði félagssins.

b. Tölvumálin, umræða um að fá danska kerfið er komin eitthvað af stað.

3. Deildarsýning verður haldin 13. Október

a. Hilmar ætlar að grafa upp áætlunina frá síðustu deildarsýningu og senda inn fyrirspurn til stjórnar.

b. Leiga á reiðhöllinni á Flúðum er ca 50.000kr með kaffiteríunni og öllu. Guðríður er búin að láta taka daginn frá, en ætlar að skoða fleiri möguleika.

c. Sunna sendi inn fyrirspurn á sýningarstjórn um að fá uppástungu að 5 dómurum sem gætu komið til greina. Síðan getum við vonandi valið þar úr.

4. Fræðslukvöld:

Vikan 9-13 apríl – Eftir því hvernig stendur á hjá fyrirlesurum.

Kolbrún Arna, Dýrahjúkka og sjúkraþjálfari ætlar að koma og ræða um sjúkraþjálfun og endurhæfingu hunda. 4 loppur verða með fræðslu um feldumhirðu og kynningu á Chris Christianssen vörunum, einhver spennandi tilboð verða í boði fyrir þáttakendur.

5. Fundi slitið 20:30